

Þann 14. desember 2017 luku 25 nemendur diplómanámi í handleiðslufræðum frá félagsráðgjafadeild H.Í

Vorið 2000 lauk 19 manna þverfaglegur hópur þriggja missera námi á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og Tengsla sf. Ekki hefur verið boðið upp á nám í handleiðslufræðum síðan.

Dr. Sigrún Júlíusdóttir prófessor undirbjó námið í samvinnu við stjórn Handís og félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands. Námið hófst í ágúst 2016 og lauk 14. desember 2017.

Dr. Sigrún var umsjónarmaður og stjórnandi námsins og í fagraði voru Dr. Steinunn Hrafnisdóttir dósent og Hervör Alma Árnadóttir MA lektor.

Umsjónarmenn klínískra dæmatíma í hóphandleiðslu voru Björg Sveinsdóttir sálgreinir, Haukur Ingi Jónasson sálgreinir, Helgi Garðar Garðarsson geðlæknir, Rannveig Guðmundsdóttir félagsráðgjafi og Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir.

Áherslur í náminu voru eins og segir í [vottorði](#):

„Tekið er mið af kerfisnálgun og dýnamískri sýn á samskipti milli einstaklinga, faghópa og í stofnunar- og stjórnunarsamskiptum. Fjallað er um stofnanakenningar, þróunar- og þroskalíkö, samskiptakenningar, samsmíðakenningar, frásagnarnálgun og kreppukenningar. Kenningagrunnur er tengdur hygmyndafræði og miðlægum sáldýnamískum hugtökum handleiðslufræða. Í fræðilegri rýni er athygli beint að stöðu faghandleiðslu í samtímanum, breyttum viðfangsefnum og þörfum, m.a. út frá síbreytilegum samfélagsaðstæðum og nýjum forsendum fagmennsku“.